



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Ösp

2025– 2026



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra	3
2	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025	4
2.1	Innra mat.....	4
2.2	Ytra mat.....	5
3	Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026.....	6
4	Deildir	9
4.1	Skýjaland 2024-2025.....	9
4.2	Regnbogaland 2024-2025	10
4.3	Stjörnuland 2024-2025	11
4.4	Sérkennsluland 2024-2025	12
5	Umbótaáætlun 2024-2025 (takið afrit af töflunni fyrir hvern umbótaþátt)	13
6	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans.	16
7	Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	16
8	Foreldrasamvinna.....	17
9	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	17
10	Fylgiskjöl	18
10.1	Tímarammi samstarfsáætlunar.....	18
10.2	Leikskóladagatal.....	18
10.3	Umsögn foreldraráðs	18





1 Greinargerð leikskólastjóra

Haustið 2024 fór vel af stað, búið var að ráða í allar stöður í byrjun september og aðlögun nýrra barna tókst vel. Í aðlögun á yngstu deild var prófað að vinna með „lykilpersónur“, þar sem starfsmenn urðu lykilpersónur nýrra barna og foreldra á meðan aðlögun stóð og gekk það vel.

Hlutverk starfsfólks í sjálfsprottnum leik var eflt enn frekar og hefur aðgengi barnanna að efnivið og nýting rýma í leikskólanum aukist til muna. Starfsfólk er mjög meðvitað um mikilvægi þess að taka þátt í sjálfsprottnum leik barnanna og rýnir markvisst sína vinnu. Þau vinnubrögð hafa styrkt starfsfólk í sínu hlutverki og munum við halda þeirri vegferð áfram. Samvinna milli deilda er öflug og hefur flæði milli deilda og námsrýma opnast, þar sem börnin fara oft á milli deilda í leik og starfsfólk ber ábyrgð á ákveðnum svæðum. Þetta fyrirkomulag hefur gert það að verkum að börnin þekkja alla starfsmenn betur óháð deildum. Í foreldrakaffi í janúar kom líka skýrt í ljós hvað börnin voru örugg að fara á milli deilda og vildu sýna foreldrum sínum allan leikskólann óháð aldri eða deild.

Verkefnið „Málþroski og læsi í Fellahverfi“ er leiðarljósið í okkar starfi, í samstarfi við Holt og Fellaskóla. Vel gengur að fylgja sameiginlegum orðaforðapemum í markvissu starfi og lögðum við áherslu á hlutverk starfsfólks í sjálfsprottnum leik í tengslum við aukningu orðaforða þetta leikskólaárið. Áherslupættir menntastefnunnar hafa verið læsi, félagsfærni og sjálfsefning og hefur læsisteymi leikskólans unnið hörðum höndum að læsisstefnu, sem verið er að leggja lokahönd á. Í byrjun júní 2025 fór læsisteymið í „jobshadow“ vinnuferð í leikskóla til Malmö, þar sem fylgst var með læsisvinnu með fjöltyngdum börnum. Í þessa ferð fóru einnig leikskólastjóri og talmeinafræðingur á vegum Miðju máls og læsis. Í ferðinni komu upp margvíslegar hugmyndir um áframhaldandi vinnu með læsi næsta leikskólaár.

Leikskólarnir Ösp og Holt sóttu um og fengu B-hluta styrk Menntastefnunnar ásamt Fellaskóla og Menntavísindasviði. Styrkinn munum við nýta til að efla samstarf við foreldra og stuðla að inngildingu þeirra í námi og leik barna sinna. Samstarf skólanna í Fellahverfi styrkist með hverju árinu og erum við mjög stolt af því. Útskrift elstu barna í Ösp og Holti var haldin sameiginlega í Fellaskóla í annað sinn og er nú orðinn fastur liður í samstarfinu.

Í maí var haldið í námsferð á Selfoss þar sem við skoðuðum þrjá leikskóla og fengum að kynnast starfi og faglegum áherslum. Skemmtinefndin greip einnig tækifærið og stóð fyrir pílukeppni á milli leikskólaheimsókna, mjög vel heppnaður dagur í góðu veðri á Selfossi.

Það skiptir miklu máli að hlusta á raddir barnanna og að virða þeirra skoðanir. Því var sumarhátíð leikskólans skipulögð af börnunum í elsta árganginum. Þau völdu að hafa pizzu í matinn í hádeginu og íspinna í eftirrætt, í boði átti að vera bleikur, gulur og rauður frostpinni. Það var óskað eftir hoppuköstulum, einum með rennibraut og svæði til að hoppa fyrir stóru krakkana og svo var talað um að hafa einn minni fyrir yngri börnin sem var bara hægt að hoppa í. Valdir voru tveir kastalar sem uppfylltu þessi skilyrði að sjálfsögðu. Börnin ræddu





einnig um að hafa rjómaþellur, epla og appelsínusafa og snakk í kaffinu og varð það framlag leikskólans í Pálínuboðinu, sem er haldið með foreldrum á sumarhátíðinni. Börnin voru með mjög sterkar skoðanir og öll sammála um að þetta væri það sem gerir góða sumarhátíð. Úr varð frábær dagur með verulega góðri mætingu foreldra og allir skemmtu sér konunglega á vel skipulagðri sumarhátíð leikskólans.

Við höldum áfram að bæta við faglega þekkingu í tengslum við börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn og er langt komið með þá vinnu að skilgreina leikskólana Ösp og Holt sem sérhæfða á því sviði. Við höldum því áfram að taka á móti gestum, líkt og undanfarin ár, sem vilja koma og fræðast um leikskólann Ösp og samstarfið í Fellahverfi.

2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025

2.1 Innra mat

Hvað var metið?	Læsissteymi
Hvernig fór matið fram?	Á læsissteymisfundum
Hverjir tóku þátt í matinu?	Læsissteymið, einn fulltrúi af hverri deild leikskólans
Helstu niðurstöður mats	Hefur gengið vel að samræma tákni og lög, þvert á deildir með tilliti til aldurs barnanna. Læsisáætlun er nánast tilbúin. Læsissteymið fór í „jobshadow“ferð til Malmö og fékk að taka þátt í starfi tengdu læsi í leikskóla. Þar komu fram margar hugmyndir sem verða nýttar í áframhaldandi vinnu læsissteymisins næsta vetur.

Hvað var metið?	Sérkennsluteymi
Hvernig fór matið fram?	Regluleg rýnihópa samtöl.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Sérkennslustjóri, sékennarar og starfsfólk á miðdeild skóla.
Helstu niðurstöður mats	Aukið upplýsingaflæði milli sérkennsluteymis. Varð til þess að starfsfólki tókst að samræma vinnubrögð og skapa þannig meiri samfelli í námi sérkennslubarna.





Hvað var metið?	Hlutverk starfsfólks í sjálfsprottum leik
Hvernig fór matið fram?	Á deildarfundum á miðdeild. Skráning starfsmanna í eigin „rannsóknarbækur“.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Deildarstarfsmenn miðdeildar
Helstu niðurstöður mats	Starfsmenn eru virkari í leik barnanna, taka meiri þátt í leik sem byggir á áhuga barnanna.

Hvað var metið?	Mat barna á leikskólastarfi og fæði
Hvernig fór matið fram?	Matið fór fram á öllu deildum með mismunandi hætti, miðaðist það við aldur barna.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Öll börnin í leikskólanum voru spurð um tvo hluti, annars vegar hvað væri skemmtilegast að gera í leikskólanum og hins vegar hvaða matur væri vinsælastur.
Helstu niðurstöður mats	Það kom í ljós að sjálfsprottinn leikur og útivera voru það sem var vinsælast í heildina í leikskólanum. Maturinn var fjölbreyttari og var allt frá hamborgara og pizzu upp í fisk og grjónagraut. En grjónagrauturinn var vinsælastur á öllum deildum. Við gáfum svo hverri deild tækifæri til að ráða hvað væri í matinn í eitt skipti. Höldum áfram að nýta þetta fyrirkomulag áfram til að fylgjast með skoðunum og líðan barna.

2.2 Ytra mat

Hvað var metið?	Viðhorfskönnun starfsfólks
Hvernig fór matið fram?	Gallup sendi könnun október-deseember 2024
Hverjir tóku þátt í matinu?	Starfsfólk
Helstu niðurstöður mats	Starfsmannakönnunin kom vel út og hafði heildarmat könnunarinnar hækkað í 4,37. Hækkun varð mest í sveigjanleika vinnu, ánægju, stolti og stjórnun. Starfsandi er góður og hafði einnig hækkað milli ára. Við munum yfirfara starfslýsingar með starfsfólki og gera þær sýnilegar.





Hvað var metið?	Viðhorfskönnun foreldra
Hvernig fór matið fram?	Skóla- og frístundasvið sendi könnun í mars 2025
Hverjir tóku þátt í matinu?	Foreldrar, þátttaka var 68,3%
Helstu niðurstöður mats	Foreldrar eru almennt mjög ánægðir með leikskólann, 100% svarenda telja barninu sínu líða vel í leikskólanum. Rúmlega 96% svarenda telja barnið öruggt, að leikskólinn styðji við þarfir barnsins og að notalegt andrúmsloft ríki í leikskólanum. Við viljum virkja betur þátttöku foreldra og munum vinna markvisst að því næsta leikskólaár.

3 Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026

Þeir þættir sem eru metnir yfir allan leikskólann í heild sinni. Þessir þættir geta verið aðrir eða þeir sömu og eru metnir á deildum. Á deildum erum við að sýna þær leiðir sem hver deild fer miðað við aldur og færni barna. Einnig skal taka mið af menntastefnu Reykjavíkur, skólanámskrá og þróunarverkefni ef leikskólinn er í slíku.

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Læsi - Þekking og skilningur á samfélagi og umhverfi Gefa út læsisáætlun leikskólans
Tækifæri til umbóta	Að gefa út læsisáætlunina, en í leikskólanum er starfandi læsisteymi skipað starfsmönnum á öllum deildum
Aðgerðir til umbóta	Áætlunin er í vinnslu hjá læsisteyminu
Ábyrgð	Læsisteymi og leikskólastjórnendur
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2025 – maí 2026
Hvenær og hvernig á að meta?	Áætlun telst kláruð þegar hún hefur verið samþykkt af starfsmönnum, stjórnendum og foreldraráði leikskólans.
Viðmið um árangur	Að allir hluthafar samþykki lokaútgáfu læsisstefnunnar





Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Heilsuvernd Heilbrigði, lífstíll og vellíðan
Tækifæri til umbóta	Leggja áherslu á hreyfingu barna og heilbrigt mataræði. Markmið er að börnin þekki muninn á hollu og óhollu fæði.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Áhersla verður á hreyfistundir á öllum deildum sem og útinám þ.e. gönguferðir um nærumhverfið. Aukin fræðsla til barnanna um heilbrigt mataræði í hópastarfi.
Ábyrgð	Deildarstarfsmenn og stjórnendur
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2025 – maí 2026
Hvenær og hvernig á að meta?	Metið á reglulegum deildar- og deildarstjórafundum yfir veturinn, sem og endurmati starfsmanna.
Viðmið um árangur	Aukin þekking barnanna á hollu mataræði og að þau þekki nærumhverfi leikskólans – efla hreyfingu

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Skólanámskrá leikskólans endurunnin
Tækifæri til umbóta	Ljúka þarf skrifum á skólanámskrá leikskólans
Aðgerðir til umbóta	Skólanámskráin er að mestu tilbúin, það þarf að fínþússa hana og setja hana fallega upp.
Ábyrgð	leikskólastjórnendur
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Áætluð skil á skólanámskrá er fyrir áramótin 2025-26
Hvenær og hvernig á að meta?	Skólanámskrá er yfirfarin af foreldraráði og fulltrúum Skóla- og frístundasviðs.
Viðmið um árangur	Skólanámskrá leikskólans fær samþykkt allra fulltrúa





Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Málþroski og læsi – að virkja þátttöku foreldra B-hluta styrkur menntastefnu Reykjavíkur með leikskólanum Holti, Fellaskóla og Menntavísindasviði
Tækifæri til umbóta	Að fá foreldra í samstarf og stuðla að inngildingu þeirra í námi og leik barna sinna með því að efla íslenskan orðaforða þeirra.
Aðgerðir til umbóta	Senda heim til barnanna efni/bækur sem foreldrar geta nýtt í tengslum við áherslupemu leikskólans
Ábyrgð	
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2025 – júní 2026
Hvenær og hvernig á að meta?	Fylgt eftir með reglulegum matsfundum með foreldrum. Reglulegum matsfundum stjórnenda í skólunum og
Viðmið um árangur	Ávinningur verkefnisins verður virkari þátttaka foreldra í námi og leik barna sinna og aukin íslenskukunnátta þeirra sem eykur líkur á virkari þátttöku foreldra.



4 Deildir

4.1 Skýjaland 2024-2025

Það voru 15 börn á Skýjalandi, fædd 2021, 2022 og 2023. Á Skýjalandi var fast hópastarf þrisvar sinnum í viku þar sem hver hópstjóri var með sitt þema og börnin rúlluðu á milli hópstjóra. Fjórða daginn nýtum við í hreyfingu, einingakubba, skynörvun og könnunarleikinn. Við sjáum fram á sama skipulagi næsta vetur 2025-26.

Styrkleikar

Í síðustu umbótaáætlun var lagt upp með hlutverk starfsfólk í frjálsum leik, þulur og vísur, tákn með tali og lykilpersónu í aðlögun.

Fyrir veturinn lögðum við upp með að hverju barni yrði úthlutað sérstök lykilpersóna úr hópi starfsfólks til að styðja betur við aðlögun þess. Þetta fyrirkomulag gekk mjög vel og skilaði sér í betri tengslum við bæði börn og foreldra. Foreldrar leituðu gjarnan beint til þess starfsmanns sem gegndi hlutverki lykilpersónu fyrir þeirra barn, sem styrkti upplýsingaflæði og traust í samskiptum. Hver starfsmaður fékk afhentar upplýsingar um barnið sem hann eða hún bar ábyrgð á, þar á meðal nafn og símanúmer foreldra, sem auðveldaði persónuleg og markviss samskipti. Einnig lögðum við upp með að hafa viku pásu á milli aðlögunar til þess að gefa börnunum svigrúm til að aðlagast og tengjast starfsfólkinu enn betur.

Verkefnið „Tákn með talið“ var unnið í samstarfi við læsiteymið, sem bauð upp á tvö ný tákn í hverri viku. Þessi tákn var síðan unnið með á deildinni og tengd við þemun á hverjum tíma.

Tækifæri

Við á Skýjalandi ætlum að efla foreldrasamstarfið enn frekar í aðlögun og halda áfram að vinna með lykilpersónu fyrir hvert barn og tengslamyndun við foreldra.

Við viljum styrkja enn betur tákn með tali, halda áfram að vinna með það í samverustundum og leggja enn meiri áherslu á hreyfilög í söngstundum.

4.2 Regnbogaland 2024-2025

Það voru 16 börn á Regnbogalandi, fædd 2020 og 2021. Það var hópastarf fast 3 daga í viku, þar sem hver hópstjóri var með sitt þema og börnin rúlluðu á milli hópstjóra. Fjórða daginn var málörvunarhringekja - þar sem börnin fara á milli stöðva. Við sjáum fram á sama skipulag næsta vetur 2025- 2026.

Styrkleikar

Í síðustu umbótaáætlun var lögð áhersla á að starfsmenn yrðu meiri þátttakendur í sjálfsprottnum leik barna, bæði inni og í útiveru. Unnið var með nýjar aðferðir til að skrá niður leik þar sem skráningar urðu virkari verkfæri í því sem átti sér stað í leik barna. Við gáfum börnunum meiri tíma en áður í sjálfsprottnum leiknum til að leiða sitt eigið leikferli. Starfsfólk sýndi einnig aukinn skilning á mikilvægi leiks með því fylgjast með, styðja við leikinn og skrá það sem fór fram.

Einnig var lögð áhersla á að leggja inn tákni með tali markvisst í starf barna og kennara svo allir hafi leiðir til samskipta. Það hefur gengið vel hjá okkur að leiða það inn og hefur læsisteymið okkar hist einu sinni viku til að undirbúa ný tákni. Það var gerð söngbók með táknum og hefur læsisteymið valið lög sem tengjast þemunum.

Lögð var sérstök áhersla á lestur, markmiðið er að bæta við föstum sögustundum fyrir börnin og heimsækja bókasafnið einu sinni í mánuði. Einnig stefnum við að því að nýta loðtöflusögur til að gera lestrarstundirnar fjölbreyttari og lifandi, og þannig örva ímyndunarafl barna enn frekar.

Tækifæri

Við ætlum að bæta okkur varðandi lestur þar sem tókst ekki að innleiða allar hugmyndir að fullu. Bókasafnsferðir urðu færri en áætlað var og nýting sögustunda ekki eins markviss og áætlað hafði verið. Við ætlum að halda áfram með fasta tíma fyrir börnin að fara í bókasafnsferðir einu sinni í mánuði og einnig bæta okkur í sögustundum til að efla orðaforða barna daglegu starfi. Byggt á þessari reynslu og í samræmi við umbótaáætlun síðasta árs höfum við ákveðið að styrkja þessa þætti áfram. Við ætlum að gera lestrarstundirnar sýnilegri í dagskipulagi, tryggja betri eftirfylgni með framkvæmd þeirra og nýta loðtöflusögur með markvissari hætti. Einnig verður unnið að því að skipuleggja bókasafnsheimsóknir með meiri fyrirvara til að tryggja að þær verði fastur liður í mánaðarlegu starfi. Með þessum aðgerðum viljum við skapa raunveruleg og regluleg tækifæri til lestrar og sagna, þar sem börn upplifa gleði, þátttöku og dýpri tengingu við bókmenntir og sögur.



4.3 Stjörnuland 2024-2025

Það var 21 barn á Stjörnulandi, fædd 2019 og 2020. Skipulag deildarinnar var lengst af með sama hætti og undanfarna vetur.

Styrkleikar

Um miðjan mars var ákveðið að gera breytingar á deildinni, að skipta börnunum upp í eldri og yngri hópa, að aðskilja þau alveg, ekki bara í hópastarfi. Ákvörðunin var tekin til að draga úr áreiti, skapa ró og gefa öllum börnunum meira rými og tækifæri til að njóta sín betur. Kennarahópnum var skipt í tvö teymi, sem færðist á milli eldri og yngri barnahópa viku og viku. Hópastarfið hélst óbreytt allan veturinn, þar var börnunum þegar skipt upp eftir aldri. Höfðað var til áhugasviðs hópstjóra og unnið eftir þeim leikskólans. Starfsfólk deildarinnar sýndi styrk sinn þegar allir tóku sig saman og breyttu deildinni og aðlöguðu sig að breyttum aðstæðum á stuttum tíma.

Síðasta skólaár hófst markviss vinna við að gera breytingar í tengslum við sjálfsprottna leikinn. Börnin stýra ferðinni og koma með hugmyndir að leik og efnivið, kennarinn er virkur þátttakandi í leiknum, styður við börnin í leik og kemur í veg fyrir árekstra. Unnin hefur verið góð vinna sem við munum halda áfram með.

Tækifæri

Í sjálfsprottna leiknum eru tækifæri til að virkja starfsfólk í leik barnanna bæði úti og inni, að yfirfæra það að kennarinn sé virkur þátttakandi í leik barnanna sem er stjórnað af börnunum í fleiri stundir. Einnig þurfum við að vera vakandi fyrir því að kynna og leiðbeina nýju fólki, varðandi hlutverk þeirra í sjálfsprottnum leik.

Við viljum halda áfram að hugsa um umhverfið að kenna börnunum að ganga vel um náttúruna og nærumhverfið, hjálpa þeim að nýta efnivið betur og fara vel með.

Söngur, þulur og vísur eru mikilvægt tæki í málörvun barna og viljum við á Stjörnulandi halda áfram að þróa hvernig best er að festa þær stundir enn betur í sessi.



4.4 Sérkennsluland 2024-2025

Veturinn 24-25 voru að jafnaði 10 börn með úthlutað fjármagn vegna sérkennslu. Stuðningstímum var úthlutað eftir umönnunarpörf barnanna. Unnið er samkvæmt einstaklingsnámskrám ýmist í einstaklings vinnu og inn á deildum. Framfarir voru mældar með því að fylla reglulega út APES lista.

Styrkleikar

Mikil áhersla er lögð á að börnin séu virkir þátttakendur í starfi sinnar deildar og að þau fái að kynnast öllum börnum og öllu starfsfólki á deildinni. Bæði sérkennarar og starfsfólk deilda styður við börnin og aðstoðar þau við þátttöku. Þegar vinna þarf markvisst með ákveðna færni er það gert með sérkennara eða sérkennslustjóra í einstaklings og/eða para vinnustundum í sérkennslurými. Deildir leikskólans eru mannaðar í samræmi við stuðningsþörf barna og þegar sérkennarar eru ekki að sinna börnunum inn á deild þá taka deildarstarfsmenn við. Með þessari verkaskiptingu sköpum við tækifæri fyrir bæði börn og starfsmenn að kynnast og læra inná hvert annað og mynda tengsl.

Þegar börn fara í vinnustundir/einstaklingsvinnu er reynt eftir bestu getu að velja tíma sem raskar sem minnst félagslegri þátttöku barnsins í hópnum.

Sérkennsluteymið (sérkennslustjóri og sérkennarar) eiga fastan fundartíma vikulega þar sem gefst tækifæri til þess að skipuleggja nám barnanna ásamt því að miðla upplýsingum, viðra hugmyndir og fá ráðgjöf. Gott upplýsingaflæði er milli sérkennara, vinnustundir eru skráðar og skipulagðar með markvissum hætti. Einnig hefur verið unnið að bættri teymisvinnu milli deilda og sérkennslu.

Mikið af námsefni sem nýtt er til sérkennslu er útbúið í skólanum og sniðið út frá þörfum barnanna.

Tækifæri

Mest áhersla var á teymisvinnu sérkennslu- og deildarstarfsmanna miðdeildar, sem gekk mjög vel. Á komandi skólaári verður haldið áfram að þróa og bæta teymisvinnu í sérkennslu á öðrum deildum.

Mikilvægt er að efla enn fremur tengsl milli sérkennslustarfsfólks og foreldra, auka upplýsingaflæði og finna vettvang/aðferðir sem henta til þess að miðla upplýsingum um einstaklings markmið og auka sýnileika sérkennslu til foreldra.

Að starfsfólk fái tækifæri til að kynna sér betur Babblarana og nota þann efnivið til þess að efla hljóðkerfisvitund og máltjáningu yngri barna leikskólans.



5 Umbótaáætlun 2024-2025 (takið afrit af töflunni fyrir hvern umbótaþátt)

Deild/aldur barna	Skýjaland / 1-2 ára börn
Umbótaþáttur/matsþáttur	Aðlögun, að hvert barn og fjölskylda þess fái lykilpersónu í aðlögun, þar sem starfsmaður sér um samskipti og fái upplýsingar um barnið.
Tækifæri til umbóta	Að barnið og fjölskyldan fái góðar og hlýjar móttöku þegar það byrjar í leikskólanum
Aðgerðir til umbóta	Starfsmenn fá upplýsingar um barnið og það skráir hjá sér þær upplýsingar sem það fær
Ábyrgð	Deildastjóri og aðrir starfsmenn
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Sept. 2025 til maí 2026
Hvenær og hvernig á að meta?	Fyrir aðlögun verður fundur þar sem starfsmenn fá upplýsingar um barnið. Síðan verður aðlögun metin þegar henni er lokið um miðjan október. Hvað gekk vel og hvað má fara betur. Einnig verða foreldraviðtöl í nóvember þar sem foreldrar segja frá sinni upplifun í aðlögun.

Deild/aldur barna	Skýjaland og Regnbogaland / 18 mánaða - 4 ára börn
Umbótaþáttur/matsþáttur	Hlutverkaleikur í sjálfsprottnum leik og útveru
Tækifæri til umbóta	Markmiðið er að fjölga þeim stundum sem börnin okkar heyra íslensku
Aðgerðir til umbóta	Fræða starfsfólk um hlutverk þeirra og mikilvægi þátttöku þeirra í sjálfsprottnum leik
Ábyrgð	Deildarstjóra og starfsfólk deildarinnar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Sept. 2025 til maí 2026
Hvenær og hvernig á að meta?	Notum deildarfundi og samtöl á deildinni til að meta hvort þetta fyrirkomulag gangi upp.





Deild/aldur barna	Regnbogaland / 3-4 börn
Umbótaþáttur/matsþáttur	Lestur
Tækifæri til umbóta	Markmiðið er að fara bókasafnferðir með börnin og einnig bæta meira lestrastund inn á deild.
Aðgerðir til umbóta	Að börnin fái nýtt umhverfi í lestri og fái að heimsækja bókasafnið.
Ábyrgð	Deildarstjóra og starfsfólk deildarinnar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Sept. 2025 til maí 2026
Hvenær og hvernig á að meta?	Notum deildarfundum og samtöl á deildinni til að meta hvort þetta fyrirkomulag gangi upp. Einnig að lestur verðir fastur á ákveðnum tíma yfir daginn.

Deild/aldur barna	Stjörnuland 5-6 ára börn
Umbótaþáttur/matsþáttur	Að halda áfram að þróa aldurskipta elstu deild.
Tækifæri til umbóta	Að dagskipulag deildarinnar flæði betur þegar búið er að aldurskipta börnunum. Að allir starfsmenn deildarinnar kynnist báðum hópum jafn vel.
Aðgerðir til umbóta	Uppfæra skipulag deildarinnar í samstarfi við starfsfólk, að lagfæra þá hnökra sem eru á skiptingu deildarinnar núna.
Ábyrgð	Stjórnendur ásamt starfsfólki deildarinnar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Í ágúst 2025 til maí 2026
Hvenær og hvernig á að meta?	Á deildarfundum og í samtölum við starfsfólk og börn deildarinnar.





Deild/aldur barna	Sérkennsluland
Umbótaþáttur/matsþáttur	Auka upplýsingaflæði til foreldra
Tækifæri til umbóta	Miðla betur og halda betur um nám og framfarir sérkennslubarnanna og gera það aðgengilegra foreldrum.
Aðgerðir til umbóta	Vinnustundabækur, setja ákveðin afrek í ferilmöppu skoða það að senda foreldrum stutt fréttabréf/upplýsingabréf eða myndir á Völuna 1x í mánuði.
Ábyrgð	Sérkennslustjóri í samvinnu við sérkennsluteymi
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025- maí 2026
Hvenær og hvernig á að meta?	Halda skráningu um fréttabréf til þess að hafa í lok vetrar yfirsýn yfir hvort hafi gengið að senda mánaðarlega. Spyrja foreldra hvort þau lesi bréfin á teymisfundum. Fara yfir skráningar í ferilmöpum.

Deild/aldur barna	Sérkennsluland
Umbótaþáttur/matsþáttur	Valdefla sérkennara
Tækifæri til umbóta	Fela sérkennurum aukna ábyrgð og úthluta ákveðnum verkefnum til þess að dreifa álagi og auka sjálfstæði sérkennara.
Aðgerðir til umbóta	Velja í samvinnu við sérkennara hvaða viðfangsefni viðkomandi vil taka að sér að halda utan um. Viðkomandi fær svo stuðning Sérkennslustjóra eftir þörfum og aðstoð með að komast af stað.
Ábyrgð	Sérkennslustjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025- maí 2026
Hvenær og hvernig á að meta?	Eftirfylgni yfir veturinn. Í lok skólaárs farið yfir hvort sérkennara hafi tekist að skipuleggja og halda utan um sín verkefni.



6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótapáttum leikskólans.

Lagt var upp með að hafa starfsþróunarsamtöl við alla starfsmenn 2-3 sinnum yfir leikskólaárið. Fyrsta samtöl við alla starfsmenn var í október og gekk vel að fylgja því eftir. Síðari tvö samtölin áttu að vera í febrúar og maí/júní. Það urðu tímabundnar breytingar í stjórnun leikskólans þar sem leikskólastjóri fór í önnur verkefni og féllu því flest seinni samtölin niður.

Starfsþróunarsamtöl verða tvö til þrjú leikskólaárið 2025-2026. Leikskólastjóri mun taka samtölin og leggja áherslu á hlutverk starfsfólks og líðan þeirra.

Fræðsla leikskólaárið 2024-2025

- Þrír starfsmenn í læsisteyminu fóru í „job-shadowing“ ferð til Malmö í Svíþjóð ásamt leikskólastjóra.
- Þrír starfsmenn héldu áfram námi í leikskólakennarafræðum, einn þeirra útskrifaðist með leyfisbréf leikskólakennara í júní 2025.
- Einn starfsmaður kláraði B.A. próf í íslensku sem öðru máli.
- Einn starfsmaður hóf fagháskólanám í leikskólakennarafræðum
- Starfsfólk sem ekki hafði tekið netnámskeið BOFS tók það.
- Tveir starfsmenn fengu íslenskukennslu í leikskólanum einu sinni í viku

Á áætlun leikskólaárið 2025-2026

- Tveir starfsmenn í íslenskukennslu
- Þrír starfsmenn halda áfram í leikskólakennaranámi
- BOFS námskeið fyrir nýtt starfsfólk
- Nýta fræðslu betur á Torginu
- Allir starfsmenn fá fræðslu um PECS

7 Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Verkefnið „Málþroski og læsi í Fellahverfi“ er leiðarljósið í okkar starfi, í samstarfi við Holt og Fellaskóla. Leikskólarnir Ösp og Holt sóttu um og fengu B-hluta styrk Menntastefnunnar ásamt Fellaskóla og Menntavísindasviði. Áherslur verða á samstarf við foreldra og að virkja þátttöku þeirra í leik og námi barna þeirra. Við höfum fengið fastan tíma í íþróttahúsi Fellaskóla einu sinni í viku sem hefur nýst vel. Samstarfið í hverfinu er einstaklega gott og erum við í stöðugri þróun með það, sjá tímaramma samstarfsáætlunar (fylgiskjal 1).



8 Foreldrasamvinna

Líkt og undanfarin ár voru þrír foreldrafundir haldnir að hausti þegar aðlögun var lokið, einn fyrir hverja deild. Þá var foreldrum boðið á kynningu á starfi vetrarins í leikskólanum og þá var einnig fræðsla um mikilvægi þess að lesa fyrir börn og draga úr skjátíma. Það var boðið upp á túlka fyrir þá sem það þurftu. Það voru tvö foreldraviðtöl fyrir foreldra allra barna yfir veturinn, einn á haustönn og einn á vorönn. Það eru þrír fulltrúar í foreldraráði og hafa þeir einnig tekið þátt í undirbúningi á því að stofna foreldrafélag leikskólans.

Foreldrafélagið var formlega stofnað og voru 3 foreldrar í því, foreldrafélagið tók þátt í jólaföndri í desember og tók þátt í að skipuleggja sveitaferð fyrir börnin í maí ásamt leikskólastarfsfólki. Sveitaferðin heppnaðist einstaklega vel og var mjög góð mæting foreldra í þá ferð, þrátt fyrir óvænta snjókomu í maí. Stefnt er að því að fara í sveitaferð annað hvert ár og ætlar foreldrafélagið að taka þátt í því og svo mun foreldrafélagið taka þátt í sumarhátíð annað hvert ár.

Við höfum haldið upp á alþjóðlegan dag móðurmáls undanfarin ár og líkt og í fyrra var pálínuboð með foreldrum, sem var vel sótt og áttum við ánægjulega samveru.

Kynningarfundur fyrir nýja foreldra, sem byrja í leikskólanum haustið 2025, var haldinn í júní. Foreldrar fengu kynningarbækling, hittu stjórnendateymið og skoðuðu leikskólann.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar leikskólaárið 2025-2026

- 22.september 2025 – sameiginlegur með Holti og Fellaskóla
- 21.nóvember 2025 – sameiginlegur með Holti og Fellaskóla
- 5.janúar 2026 – sameiginlegur með Holti og Fellaskóla
- 6.febrúar 2026 – Dagur leikskólans
- 8.maí 2026
- 5.júní 2026





10 Fylgiskjöl

10.1 Tímarammi samstarfsáætlunar

10.2 Leikskóladagatal

10.3 Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans Aspar

Halldóra Sigtryggsdóttir

27.júní 2025

Leikskólastjóri

Dagsetning





Fylgiskjal 10.1

Tímarammi samstarfsáætlunar 2025-2026



Mánuður	Atburður	Markmið	Ábyrgð og umsjón - Mat og skráning	Þátttakendur	Tími
	Skipulagsfundur v/haustannar BB+HH	Að fara yfir samstarfið á haustönn.	Leikskólastjórar og deildarstjórar F - mat á haustönn og tímarammi vorannar	Deildarstjórar F og leikskólastjórar	4. sept. 2025
September	Samráðsfundur velja 2-3 sameiginleg lög fyrir Dag ísl. tungu (13. nóv.) og skipuleggja sameiginlegar æfingar. Kynning v/foreldrafunda að hausti.	Að styrkja tengslin, miðla upplýsingum, ræða samstarfið og fræðast saman um efni tengt markmiðum verkefnisins.	Deildarstjóri máls og læsis - Fundargerð - Upplýsingum miðlað til -verkefnastjóra MOLF	Deildarstjórar HÖ og AE og BB	16.sept. 2025
Sept – okt.	Foreldrafundur á Holti og Ösp	Efla sameiginlega foreldrafræðslu í hverfinu. Sami fyrirlestur fyrir leik- og grunnskóla. 18.sept (F) 30.sept. 1. og 2.okt. (Ö) 7. 8. 9. 14. 15. 16. okt. (H)	Stjórnendur og deildarstjóri máls og læsis	Deildarstjórar Leikskólastjórar BB og AE	18. sept. til 16. okt. 2025
Sept – okt	Hljóm -2 lagt fyrir elstu börnin í Holt og Ösp Hljómstundir elstu barna hefjast 1. sept.	Fylgjast með hljóðkerfisvitund barnanna í elsta árg.	Deildarstjórar elstu barna	Deildarstjórar	15. sept. – okt. 2025
Október	1. bekkur heimsækir leikskólana og taka þátt í frjálsum leik.	Að nemendur finni samfellu og öryggi við skólaskiptin. Að kennarar 1. bekkjar kynnist starfi leikskólans	Verkefnastjórar á leikskólunum - Myndir/fréttir á vef miðlað	Deildarstjórar HÖ og kennarar Fellaskóla	30. okt. 2025 kl. 10:00
	Orðaforðaprófanir MML	Fylgjast með íslenskum orðaforða 3ja til 6 ára barna	MML	MML	Okt.
	Samráðsfundur	Að styrkja tengslin, miðla upplýsingum, ræða samstarfið og fræðast saman um efni tengt markmiðum verkefnisins.	Deildarstjóri máls og læsis - Fundargerð	Deildarstjórar HÖ AE og BB	21. okt. 2025
Nóvember	Niðurstöður námsmats í 1. bekk og Hljóm	Að styrkja tengslin, miðla upplýsingum, ræða samstarfið og fræðast saman um efni tengt markmiðum verkefnisins.	Deildarstjóri máls og læsis - Fundargerð	Deildarstj. HÖ AE, BB og KG Stjórn. skóla	18. nóv. 2025
	Heimsóknir milli leikskóla + 1.b. F Börnin hittast og syngja saman lög fyrir Dag íslenskrar tungu – Ákveða dagsetn og tíma 18.sept. Tvö lög – amk. annað m/hreyfingu – annað m/1.bekki	Að verðandi skólafélagar kynnist og skapi tengsl	Deildarstjórar HÖ + deildarstjóri máls og læsis F - Myndir/fréttir á vef miðlað	Deildarstjórar	Dagana 20.okt-12.nóv. 3 sinnum
	Dagur íslenskrar tungu Leikskólabörn af báðum leikskólum syngja saman í athöfn í Fellaskóla	Að leikskólabörnin kynnist grunnskólanum betur.	Stjórnendur og deildarstjórar - Myndir/fréttir á heimasíðu -	Deildarstjórar	13. nóv. 2025
Desember	Helgileikur Leikskólabörnum boðið á generalprufu á helgileik í skóla og í heimsókn inn í 6.b.	Að leikskólabörnin kynnist grunnskólanum enn betur og finni til öryggis þar.	Verkefnastjórar HÖF - Myndir/fréttir á heimasíðu á vef (Vala)	Deildarstjórar	17. des. 2025
	Skipulagsfundur v/vorannar BB+HH	Að meta samstarfið á haustönn.	Leikskólastjórar og deildarstjórar F - mat á haustönn og tímarammi vorannar	Deildarstjórar F og leikskólastjórar	5. des. 2025
Janúar	K-PALS stundir hefjast	Leggja grunn að lestrarnámi elstu barnanna	Deildarstjórar elstu barna	Deildarstjórar	6. jan. 26
Febrúar	Leikskólabörn koma í smíðjur	Að kynnast húsnæði grunnskólans og starfsemi. Að leikskólabörnin finni öryggi við skólaskiptin. Að kennarar leikskóla kynnist grunnskólasterfinu.	Verkefnastjórar HÖF - Myndum og fréttum miðlað	Deildarstjórar	12. og 26. febrúar 2026
	Deildarstjóri máls og læsis og deildarstjórar leikólanna samráðsfundur	Að styrkja tengslin, miðla upplýsingum, ræða samstarfið og fræðast saman um efni tengt markmiðum verkefnisins.	Deildarstjóri máls og læsis - Fundargerð	Deildarstjórar	10. febrúar 2026
Mars	Deildarstjóri máls og læsis og deildarstjórar leikólanna samráðsfundur	Að styrkja tengslin, miðla upplýsingum, ræða samstarfið og fræðast saman um efni tengt markmiðum verkefnisins.	Deildarstjóri máls og læsis - Fundargerð	Deildarstjórar	17. mars 2026
Mars	Hljóm – 2 – endurmat – elstu börnunum – allir.	Fylgjast með framförum hljóðkerfisvitundar hjá elstu börnunum	Deildarstjórar elstu barna	Deildarstjórar	13. mars – 30.apríl
Apríl	Lestur í leikskólum Nemendur í 5. bekk lesa á ýmsum tungumálum (íslenska + móðurmál) í leikskóla og sameiginleg útivera eftir lestur	Að miðla góðum fyrirmyndum til yngri barnanna og styðja við virkt tvtýngi	Deildarstjórar í Fellaskóla - Myndum og fréttum miðlað	Deildarstjórar	apríl 2026
Apríl	Orðaforðaprófanir MML	Fylgjast með íslenskum orðaforða 3ja til 6 ára barna	MML	MML	Apríl
Mai	Skipulagsfundur v/haustannar BB/HH Leikskólastjórar, deildarstjórar Fellaskóla	Að meta samstarfið á árinu, horfa til framtíðar.	Leikskólastjórar og deildarstjórar F - mat á vorönn og tímarammi haustannar	Deildarstjórar F og leikskólastjórar	5.mai 2026
Mai	Deildarstjóri máls og læsis og deildarstjórar leikólanna samráðsfundur	Að styrkja tengslin, miðla upplýsingum, ræða samstarfið og fræðast saman um efni tengt markmiðum verkefnisins.	Deildarstjóri máls og læsis - Fundargerð	Deildarstjórar	13.mai 2026
Mai	3 daga vorskóli og kynning fyrir foreldra Börnum utan hverfis og foreldrum boðið í heimsóknina	Að börnin kynnist fjölbreyttu starfi skólans og finni til öryggis við skólaskiptin. Að verðandi kennarar 1. b. kynnist nem. og þeir	Deildarstjóri Fellaskóla - Myndum og fréttum miðlað	Deildarstjóri F	19. - 21. mai 2026
		hver öðrum. Að kennarar leikskóla kynnist grunnskólastarfinu. Fer fram í Fellaskóla til að mynda tengingu milli skólastiga.		Leikskólastjórar Brynja + stjórnandi úr F.	29. mai 2026
	Skilafundur milli leik- og grunnskóla og frístundar	Að skapa samfellu milli leik- og grunnskóla og að allar nauðsynlegar upplýsingar fylgi milli stiga.	Deildarstjóri yngra stigs Fellaskóla	Deildarstjórar elstu deilda	Seinni hluti mai 2026

Ljósblár	Heimsóknir nemenda í leikskóla
Appelsínugulur	Heimsóknir barna í skóla
Grænn	Samráð starfsmanna
Bleikur	Skimanir og íhlutun í leikskóla





Fylgiskjal 10.2

Leikskóladagatal 2025 - 2026

Nafn leikskóla:

AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚÁR	MARS	APRÍL	MÍJ	JÚNÍ	JÚLÍ
1. F. Sumarþón	1. M.	1. M.	1. L.	1. M.	1. F. Hvítisdagur	1. S.	1. S.	1. M. Skánningardagur	1. F. Verkalífsdagurinn	1. M.	1. M.
2. L.	2. Þ.	2. F.	2. S.	2. Þ.	2. M.	2. M.	2. M.	2. F. Skíddagur	2. L.	2. Þ.	2. F.
3. S.	3. M.	3. F.	3. M.	3. Miðla þarður	3. Þ.	3. Þ.	3. Þ.	3. F. Fosturdegurinn langi	3. S.	3. M.	3. F.
4. Fridagur vesturlandna	4. F.	4. L.	4. Þ.	4. F.	4. M.	4. M.	4. M.	4. L.	4. M.	4. F.	4. L.
5. Þ. Sumarþón	5. F.	5. S.	5. M.	5. F. Foreldrafrí	5. M. Skíplagsdagur	5. F.	5. F.	5. S. Þakadagur	5. Þ.	5. F.	5. S.
6. Sumarþón	6. L.	6. M.	6. F.	6. L.	6. Þ. Þrjátíðin	6. F. Skíplagsdagur	6. F.	6. Mannar / Þaksum.	6. M.	6. L.	6. M.
7. Sumarþón	7. S.	7. Þ.	7. F. Baráttudagur önnur	7. S.	7. M.	7. L.	7. L.	7. Þ.	7. F.	7. S. Síðarnefndagurinn	7. Þ.
8. F. Sumarþón	8. M. Dagur lesis	8. M.	8. L. Einelti	8. M.	8. S.	8. S.	8. S.	8. M.	8. F. Skíplagsdagur	8. M.	8. M.
9. L.	9. Þ.	9. F.	9. S.	9. Þ. Jólahvítudagur	9. F.	9. M.	9. M.	9. F.	9. L.	9. Þ.	9. F.
10. S.	10. M.	10. F.	10. M.	10. M.	10. Þ.	10. Þ.	10. Þ.	10. F.	10. S.	10. M. Skíðskíð grunnskóla	10. F.
11. M. Sumarþón	11. F.	11. L.	11. Þ.	11. F.	11. S.	11. M.	11. M.	11. L.	11. M.	11. F.	11. L.
12. Þ. Önnur eitt sumarfrí	12. F.	12. S.	12. M.	12. F. Eilífi	12. M.	12. F.	12. F.	12. S.	12. Þ.	12. F. Sumarfrí	12. S.
13. M.	13. L.	13. M.	13. F. Eilífi	13. L.	13. Þ.	13. F.	13. F.	13. M.	13. M.	13. L.	13. M.
14. F.	14. S.	14. Þ.	14. F.	14. S.	14. M.	14. L.	14. L.	14. F. Úppistinnardagur	14. Þ.	14. S.	14. Þ.
15. F.	15. M.	15. M. Starfsmanndagur	15. L.	15. M.	15. S.	15. S.	15. S.	15. M.	15. F.	15. M.	15. M.
16. L.	16. Þ.	16. F.	16. S. Dagur skemmtunnar	16. F. Guðmundardagur	16. F.	16. M.	16. M.	16. F.	16. F.	16. Þ.	16. F.
17. S.	17. M.	17. F.	17. M.	17. F. Heilgaður / Heilgaður / Heilgaður	17. Þ. Þrjátíðin	17. Þ. Þrjátíðin	17. Þ. Þrjátíðin	17. F. Starfsmanndagur	17. F.	17. S.	17. F.
18. Mestskólinnþón	18. F.	18. L.	18. Þ.	18. F. Eilífi / Eilífi	18. S.	18. M.	18. M.	18. L.	18. M.	18. F.	18. L.
19. Þ.	19. F.	19. S.	19. M.	19. F.	19. M.	19. F. Skánningardagur	19. F. Þrjátíðin	19. S.	19. Þ.	19. F.	19. S.
20. M.	20. L.	20. M.	20. F. Þóni	20. L.	20. Þ.	20. F. Skánningardagur	20. F.	20. M.	20. L.	20. L.	20. M.
21. F. Síðasti dagur áttunda. 21. S.	21. Þ.	21. F.	21. F. Skíplagsdagur	21. S.	21. M.	21. L.	21. L.	21. Þ. Þrjátíðin	21. F.	21. S.	21. Þ.
22. F.	22. M. Skíplagsdagur	22. M.	22. L.	22. M. Skíplagsdagur	22. F.	22. Skíðdagur - upphaf	22. S.	22. M. Þrjátíðin	22. F.	22. M.	22. M.
23. L.	23. Þ.	23. F. Dagur þingdaga	23. S.	23. Þ. Þrjátíðin	23. F. Þrjátíðin	23. M.	23. M.	23. F. Sumardagurinn fyrsti	23. L.	23. Þ.	23. F.
24. S.	24. M.	24. F. Skánningardagur	24. Þ.	24. M. Skánningardagur	24. L.	24. Þ.	24. Þ.	24. F. Þrjátíðin	24. S.	24. M.	24. F.
25. M.	25. F.	25. L. Þrjátíðin	25. Þ.	25. F. Þrjátíðin	25. S.	25. M.	25. M.	25. L.	25. L.	25. F.	25. L.
26. Þ.	26. F.	26. S.	26. M.	26. F. Þrjátíðin	26. M.	26. F.	26. F.	26. S.	26. Þ.	26. F.	26. S.
27. M.	27. L.	27. M. Skánningardagur	27. F.	27. L.	27. Þ.	27. F. Þrjátíðin	27. F.	27. M.	27. M.	27. L.	27. M.
28. F.	28. S.	28. Þ. Skánningardagur	28. F.	28. S.	28. M.	28. L.	28. L.	28. Þ.	28. Þ.	28. S.	28. Þ.
29. F.	29. M.	29. M.	29. L.	29. M. Skánningardagur	29. F.	29. M.	29. M.	29. F. Þrjátíðin	29. M.	29. M.	29. M.
30. L.	30. Þ.	30. F.	30. S.	30. Þ. Skánningardagur	30. F. Þrjátíðin	30. F.	30. F.	30. L.	30. L.	30. Þ.	30. F.
31. S.		31. F. Heilgaður		31. M. Skánningardagur		31. L.	31. Þ. Skánningardagur		31. S.		31. F.

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skíplagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfshóls eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Skánningardagur í leikskólum eru tíu og gjöld lækkað vegna þessa. Foreldrar sem þurfa vísun þessa daga sækja sérstaklega um það og greiða þá fyrir þá daga. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarfrí. Leikskólastjórnfólk ákveður, að hlötu samráði við starfsmenn og foreldra að viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfelli í tíu til tuttugu virka daga. Stærna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skíplagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.





Fylgiskjal 10.3

Starfsáætlun 2025 – 2026 Leikskólinn Ösp

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Endija Madara Simniskiene
Hrund Sigfúsdóttir
Rhea Pardillo Juarez





Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Já.

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Já.

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Já

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Nei.

Skýr, gefur góða innsýn í starfið og hvaða umbætur hefur verið farið í og hvað á að bæta úr. Góð yfirsýn yfir deildir og leikskólann í heild, hvað leikskólinn hefur verið að vinna með og leggja áherslu á.

Fulltrúar í foreldraráði:

Endija Madara Simniskiene

Hrund Sigfúsdóttir

Rhea Pardillo Juarez



